

MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

NÍÐURSTÖÐUR FRUMATHUGUNAR OG ÚRSKURÐUR SKIPULAGSSTJÓRA RÍKISINS UM NORÐAUSTURVEG FRÁ HRINGVEGI AÐ BRUNAHVAMMSHÁLSI

1. INNGANGUR

Skipulagsstjóri ríkisins hefur fengið til frumathugunar lagningu Norðausturvegar frá Hringvegi á Háreksstaðaleið við Kollseyru undir Gestreiðarstaðaöxlum að Brunahvammshálsi í Vopnafjarðarhreppi, samkvæmt lögum nr. 63/1993 um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdaraðili: Vegagerðin.

Framkvæmd kynnt í frummatsskýrslu: Nýr 8,3 km langur vegur. Vegurinn er í Vopnafjarðarhreppi í Norður-Múlasýslu.

Markmið framkvæmdar: Að auka umferðaröryggi og tryggja greiðari samgöngur á milli Vopnafjarðar og byggðalaga á Norður- og Austurlandi, sérstaklega að vetrarlagi.

Frumathugun: Þann 12. apríl 2000 tilkynnti Vegagerðin framkvæmdina til Skipulagsstofnunar. Framkvæmdin var auglýst opinberlega þann 26. apríl 2000 í Lögbirtingablaðinu, Morgunblaðinu og Dropanum. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 26. apríl til 31. maí 2000 á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps. Einnig í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun í Reykjavík. Ein athugasemd barst á kynningartíma. Leitað var umsagnar Vopnafjarðarhrepps, Náttúruverndar ríkisins, Landgræðslu ríkisins, veiðimálastjóra og Þjóðminjasafns Íslands. Framkvæmdin var kynnt Heilbrigðiseftirliti Austurlands og Stangveiðifélaginu Hofsá ehf.

Gögn lögð fram við frumathugun:

Frummatsskýrsla: Norðausturvegur. Hringvegur – Brunahvammsháls. Mat á umhverfisáhrifum. Vegagerðin, mars 2000.

Önnur gögn: Svör framkvæmdaraðila við fyrirspurnum Skipulagsstofnunar, umsögnum og athugasemd dags. 11. og 31. maí og 19. júní 2000.

2. UMSAGNIR

Umsagnir bárust frá:

Vopnafjarðarhreppi, dags. 2. maí 2000.
 Náttúruvernd ríkisins, dags. 8. maí 2000.
 Landgræðslu ríkisins, dags. 17. maí 2000.
 Þjóðminjasafni Íslands, dags. 3. maí 2000.
 Veiðimálastjóra, dags. 17. maí 2000.

3. ATHUGASEMDIR

Ein athugasemd barst á kynningartíma frá:

Braga Vagnssyni, landeiganda Burstafelli með bréfi dags. 27. maí 2000.

4. UMHVERFISÁHRIF NORÐAUSTURVEGAR FRÁ HRINGVEGI AÐ BRUNAHVAMMSHÁLSI

4.1 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Í frummatsskýrslu er kynnt lagning vegar frá Hringvegi á Háreksstaðaleið við Kollseyru að Norðausturvegi við Brunahvammsháls í Vopnafjarðarhreppi í N-Múlasýslu. Fyrirhugað er að byggja nýjan 8,3 km langan veg, ásamt stóru ræsi í Hölkná. Hluti vegarins er hugsanlega aðeins bráðabirgðavegur, á kaflanum frá stöð 6.000 – 8.200, upp á Brunahvammsháls. Áætlað er að framkvæmdir hefjist sumarið 2000 og ljúki haustið 2001. Vegurinn verður lagður bundnu slitlagi en bráðabirgðavegurinn með malarslitlagi.

4.1.1 Lega vegar

Í frummatsskýrslu eru kynntir þrír kostir á legu vegar frá Hringvegi að Brunahvammshálsi og er leið 1 valkostur Vegagerðarinnar. Samkvæmt honum mun nýr vegur liggja niður með ánni Kollseyru og síðan Hofsá þar til komið er yfir Hölkná. Framtíðarlega vegar frá Hölkná og niður í Vopnafjörð er ekki ákveðin og er því gert ráð fyrir bráðabirgðatengingu er sveigir frá Hofsá upp á núverandi veg við Brunahvammsháls. Vegurinn fer um afrétti Burstafells í Vopnafirði og eyðijarðirnar Fögrukinn og Brunahvamm.

4.1.2 Efnistaka

Samkvæmt frummatsskýrslu er heildarefnisþörf áætluð um 225.000 m³. Gert er ráð fyrir að um 30.000 m³ verði teknir úr skeringum og um 195.000 m³ úr 5 námum. Mesta efni úr skeringum kemur við stöðvar 1.150-1.300, 2.100-2.200 og 2500, 5.300 og 5.500-5.600 og 6.200-8.100.

Náma 1 við Langadalsá er útvíkkun á skeringu við Hringveg. Efnistaka hefur farið fram áður á þessum stað. Áætluð efnistaka er 10.000 m³ í um 1-3 m þykku lagi.

Náma 2 er í malarhjalla við Neðri Sveiga ofan við Hringveg. Efnistaka hefur farið fram áður á þessum stað. Áætluð efnistaka er 20-40.000 m³ í um 1-3 m þykku lagi.

Náma 3 er í malarhjalla innan við Grenisöxl 200 m fyrir ofan stöðvar 100-300 á fyrirhuguðum vegi. Áætluð efnistaka er 20-40.000 m³ í um 1,5-2 m þykku lagi.

Náma 4 er í malarhjalla sunnan undir Grenisöxl ofan við stöðvar 1.000-1.500. Áætluð efnistaka er 40-60.000 m³ í um 2-2,5 m þykku lagi.

Náma 5 er í Brunahvammshálsi 200 m ofan við stöðvar 7.600-7.900 vestan við núverandi veg. Áætluð efnistaka er 50-80.000 m³ í um 2-4 m þykku lagi. Leggja þar um 200 m langan námuveg að þessari námu.

Samkvæmt frummatsskýrslu verður reynt að haga framkvæmdum þannig að sem minnst rask verði á gróðri, votlendi og jarðvegi. Þar sem lífrænn jarðvegur er ofan á skeringum og námum verður honum ýtt til hliðar áður en efnistaka hefst. Að efnistöku lokinni verða námusvæði og skeringar jöfnuð í samræmi við nánasta umhverfi og ofanafýtingu jafnað yfir þar sem hún er til staðar. Við frágang náma verði þess gætt að í þeim myndist ekki uppistöður. Á grónum svæðum verða námur og skeringar græddar upp.

4.1.3 Aðrir kostir

Í frummatsskýrslu eru kynntir tveir aðrir kostir á legu fyrirhugaðs vegar þ.e. leið 2 og leið 3. Fram kemur að allar veglínur uppfylli vegstaðla.

Leið 2 fylgir leið 1 að stöð 1.200 en sveigir þaðan upp í landið og liggur ofan leiðar 1 þar til þær sameinast við Brunahvammsháls.

Leið 3 fylgir leið 1 að stöð 1.200 og síðan leið 2 að stöð 2.000 og liggur efst í landinu af leiðunum þremur. Sameinast leið 2 við stöð 6.000.

Í frummatsskýrslu eru kynntir tveir kostir á legu bráðabirgðavegar frá stöð 6.000 til stöðvar 8.200. Samkvæmt kosti 1 yrði hann 2,2 km langur og lægi að mestu utan í brattri brekku með meðalbratta 3,5 % og mest 7 % á um 0,6 km kafla. Megnið af leiðinni er stórgrýtt ógróið jökulruðningsholt. Samkvæmt kosti 2 lægi vegurinn um gróið land niður undir Hofsa en síðan með um 9% bratta upp grýtt jökulruðningsholt upp í Brunahvammsháls. Varanlegur vegur samkvæmt kosti 2 yrði um 0,8 km lengri en samkvæmt kosti 1.

4.1.4 Áframhald vegarins til Vopnafjarðar

Samkvæmt frummatsskýrslu hefur ekki verið tekin ákvörðun um staðsetningu vegarins frá Brunahvammi til Vopnafjarðar, en gert ráð fyrir að verkið verði unnið á árunum 2007-2010 samkvæmt langtímaáætlun Vegagerðarinnar. Vegalengdin frá Hringvegi til Vopnafjarðar muni verða um 50 km. Fram kemur að fjórir kostir hafi aðallega verið skoðaðir. Leiðir niður Hofsaárdal að norðanverðu og austanverðu, út Fossheiði og niður í Vesturárdal og út Fossheiði, norðan við Burstafell og niður hjá Teigi.

4.2 ÁHRIF Á MENN OG SAMFÉLAG

Samkvæmt frummatsskýrslu er núverandi Norðausturvegur á kaflanum frá Hringvegi til Vopnafjarðar uppbyggður malarvegur. Vegurinn fylgir landinu sem er lítið gróið og hæðótt og á honum er ein einbreið brú yfir Hólkná og 3-4 blindhæðir. Nokkur langhalli er á köflum og um 10 % bratti vestast í Brunahvammshálsi. Vegurinn liggur hæst í um 590 m h.y.s. við Langadalsvörðu. Fram kemur að á veturna safnist mikill

snjór á veginn á nokkrum stöðum svo hann verði oft ófær. Einn mesti umferðartálminn á leiðinni til Vopnafjarðar sé í Biskupsáföngum, á þeim kafla sem leggist af við framkvæmdina. Nýr vegur liggir nær allur í um 410-460 m h.y.s.

4.2.1 Umferð

Samkvæmt frummatsskýrslu er reiknað með að nýr vegur hafi jákvæð áhrif í nálægum byggðarlögum. Með þessari tengingu við Hringveginn muni leiðin milli Egilsstaða og Vopnafjarðar um Háreksstaðaleið styttest um 14 km. Þungaflutningar verði öruggari og hagkvæmari. Á sumrin fari stór hluti umferðar milli Vopnafjarðar og Egilsstaða um Hellisheiði og er talið að fólksbílaumferð muni ekki minnka þá leið en að þungaflutningar fari um Vopnafjarðarheiði. Reiknað er með að lokunardögum á Vopnafjarðarheiði fækki. Áhrif af snjósöfnun eru talin verða meiri á leiðum 2 og 3 en á leið 1 vegna hærri legu í landinu og mishæðóttara lands. Nýr vegur muni greiða fyrir samgöngum sér í lagi að vetri til.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps mælir með leið 1 valkosti Vegagerðarinnar þar sem hann sé snjóléttastur og liggir lægst í landinu.

4.2.2 Hættur

Samkvæmt frummatsskýrslu mun umferðaröryggi aukast vegna breyttrar hæðarlegu vegarins, betri vegsýnar, meiri breiddar og vegna þess að vegurinn verði með bundnu slitlagi. Fram kemur að leið 1 sé talin öruggust af þeim kostum sem kynntir eru í frummatsskýrslu. Beitarhagar sauðfjár muni skiptast um veginn, svo einhver slyshætta geti skapast af umferð þess yfir veginn. Vegna lítillar umferðar á veginum sé ekki talin þörf á aðgerðum til að hindra umferð sauðfjár yfir veginn með því að girða meðfram honum eða setja undirgöng fyrir búfé.

4.2.3 Landnýting, ferðaþjónusta og útivist

Samkvæmt frummatsskýrslu hefur ekki verið tekin ákvörðun um staðsetningu nýs vegar frá Brunahvammi til Vopnafjarðar. Leið 1 tengist áframhaldinu á bestan hátt ef ákveðið verði að leggja veginn niður Hofsárdal en töluvert brött brekka liggir frá leiðum 2 og 3 niður að Hofsá. Leið 1 liggir ágætlega við leið neðar í Brunahvammshálsi út heiðina upp á núverandi vegsvæði. Leiðir 2 og 3 tengist betur en leið 1 núverandi vegi á Brunahvammshálsi og ágætlega við nýjan veg sem lægi neðar í Brunahvammshálsi út á heiðina á núverandi vegsvæði. Fram kemur að landeigendur, Veidifélag Hofsár og Sunnudalsár og Stangveiðifélag Hofsár eru á móti vegagerð svo nærri Hofsá samkvæmt leið 1.

Í frummatsskýrslu kemur fram að búast megi við að framkvæmdin styrki ferðaþjónustu og ferðamönnum um svæðið muni fjölga með bættum vegasamgöngum. Nýir útivistarmöguleikar á svæðinu opnast, því landið sem veglínan liggir um sé mun fegurra en þar sem núverandi vegur liggir. Áætlað sé að útbúa áningarstað við upphaf vegarkafans við Hringveginn og á útskoti í nágrenni við Hölkná. Reikna megi með að aðgengi veiðimanna að rjúpnaveiðilöndum batni. Leið 2 og 3 hafi minni áhrif á landnotkun en leið 1 vegna meiri fjarlægðar frá Hofsá. Framkvæmdin geti haft áhrif á framtíðarnýtingu svæðisins til laxveiði. Góð fjallagrasasvæði lendi undir veginum og mengun vegna umferðarinnar hafi áhrif á nýtingu fjallagrasa í næsta nágrenni við veginn. Góðir beitarhagar Burstafells muni skerðast og skiptast um veginn.

Náttúruvernd ríkisins bendir á að landsvæði þetta sé að stórum hluta gróðurryrt, landnýting sé því mest tengd gróðurræmum meðfram ám og lækjum. Nýting svæðisins

til beitar, fiskveiða og fiskeldis sé því bundin þessum gróðurreitum sem nú þegar eigi í vök að verjast m. a. vegna uppblásturs. Ef Vegagerðin kjósi helst að leggja veg frá Hringvegi niður í Vopnafjörð meðfram Hofsa þá væri eðlilegra að fjalla um alla þá veglínuna í heild, en ekki um einn kafla í einu eins og hér sé gert.

Landgræðsla ríkisins telur að skýrari hugmyndir ættu að liggja fyrir um hvar vegurinn muni liggja áfram niður í Vopnafjörð því það geti haft áhrif á val á vegstæði sem hér um ræðir. Verði ákveðið að fara ekki niður með Hofsa geti það styrkt valkost 3.

Veiðimálastjóri telur að mjög mikilvægt sé að skoða vel valkosti, sem liggi fjær Hofsa, þegar litið verði til áframhaldandi vegagerðar til Vopnafjarðar niður í byggð.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í nýsamþykktri vegaáætlun sé byrjunarfjárveiting í framhald vegarins árið 2004 og verði unnið að undirbúningi vegna vegar til Vopnafjarðar, og mati á umhverfisáhrifum fyrir þann tíma. Leið 1 liggi best við m.t.t. framhalds leiðar niður Hofsaárdal, jafnframt liggi leið 1 vel við leiðum ofar í landinu út heiðina. Með framkvæmd fyrsta hluta leiðarinnar sé á engan hátt búið að binda hvar framhald vegarins skuli liggja.

4.3 ÁHRIF Á MENNINGARMINJAR

Samkvæmt frummatsskýrslu eru ellefu minjar í eða nærri fyrirhuguðu vegarstæði. Þar af þrjú mannvirki sem lendi í fyrirhugaðri veglínunni eða nánasta umhverfi hennar. Flestar minjarnar séu vörður. Fram kemur að skráning fornleifa miðaðist við leið 1. Verði gerðar breytingar í vali á veglínunni þurfi að gera vettvangskonun á mögulegum fornleifum á svæðinu. Fram kemur að leið 2 sé talin hafa minnst áhrif á menningarmínjar. Fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir felist í því að koma í veg fyrir að fornminjar í nágrenni vegarins spillist við umferð vinnuvéla. Þá verði reynt að hlífa vörðu nr.1 á námusvæði 4 og haft verði samráð við Þjóðminjasafnið ef þurfi að færa hana.

Í umsögn Þjóðminjasafns Íslands er tekið fram að fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir framkvæmdaraðila teljist fullnægjandi en sérstaklega vakin athygli á að ef raska þurfi vörðu nr. 1 þurfi að hafa um það samráð.

4.4 ÁHRIF Á GRÓÐUR OG DÝRALÍF

4.4.1 Gróður

Samkvæmt frummatsskýrslu mun framkvæmdin skerða gróður á því landi sem fer undir veginn, og einnig þar sem skera þurfi úr brekkum eða vinna efni í veginn. Veglínunni samkvæmt leið 1 muni ekki liggja þar sem tegundafjölbreytni á svæðinu sé mest, þ.e. á svæðinu næst Hofsa neðan við Banatorfur og inn undir Hólkná. Veglínunni liggi yfir mýrlendi á fjórum stöðum. Þar sem veglínunni liggi um votlendi megi búast við að breyting verði á gróðurfari meðfram veginum vegna breytinga á vatnsbúskap mýranna. Ekki sé reiknað með að ræsa fram votlendi, heldur verði vegurinn þar byggður sem fljótandi púði. Áhrifa vegarins á votlendi gæti á um 7 ha svæði. Í samanburði við leið 1 hafi leið 2 álíka mikil áhrif á gróðurlendi en þó meiri á votlendi. Leið 3 liggi um þurrara og gróðurrýrara svæði og hafi minni áhrif á gróðurlendi og minnst áhrif á votlendi en á móti komi að talsverð hætta sé á uppblæstri. Fram kemur að aðstæður á framkvæmdasvæðinu eru erfiðar m.t.t. uppgræðslu og gróðurframvindu.

Fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir felist í því að raska sem minnst gróðurlendi utan vegsvæðis og græða upp vegkanta, námur og sár í samráði við landeigendur og Náttúruvernd ríkisins að fenginni ráðgjöf frá Landgræðslu ríkisins og Náttúrustofu Austurlands um val á grasfræjum.

Náttúruvernd ríkisins telur að forðast eigi að leggja vegi yfir óraskað votlendi. Nauðsynlegt sé að vernda það sem eftir er ósnert. Röskun á votlendi sé ekki í samræmi við stefnu yfirvalda, eða 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Leið 3 samrýmist best þessum sjónarmiðum. Landýting svæðisins sé að mestu tengd gróðurræmum meðfram ám og lækjum en þær eigi í vök að verjast m.a. vegna uppblásturs.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að hann muni styrkja endurheimt votlendis á Austurlandi í stað þess sem tapist að höfðu samráði við nefnd um endurheimt votlendis.

Landgræðsla ríkisins bendir á að kanna þurfi leið 3 þar sem hún muni væntanlega hafa mun minna gróðurrask í för með sér en leið 1. Verði leið 1 valin sé vegstæðið gróið að stærstum hluta og ekki komi fram að Vegagerðin muni græða upp land til mótvægis við það gróðurlendi, sbr. 17. gr. landgræðslulaga nr. 17/1965.

Í athugasemd Braga Vagnssonar kemur fram sú skoðun að Vegagerðin geti ekki mótmælt því að leið 3 sé gott vegstæði sem taki meira tillit til gróðurverndarsjónarmiða en leið 1.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að hann muni í samráði við landeigendur og eftirlitsráðgjafa Náttúruverndar ríkisins á Austurlandi græða upp um 4 ha svæði í nágrenni vegarins í stað þess gróna lands sem fari undir veginn. Námur 3 og 4 verði einnig græddar upp og að auki verði 1-2 ha af ógrónu landi í nágrenni vegarins græddir upp.

4.4.2 Dýralíf

Samkvæmt frummatsskýrslu er talið að fuglalíf á rannsóknarsvæðinu sé dæmigert fyrir heiðaland eins og þarna er, en ekki á nokkurn hátt einstakt þótt það sé nokkuð fjölskrúðugt. Gera verði ráð fyrir því að fuglar á svæðinu verði fyrir verulegri truflun á varptíma meðan framkvæmdir við fyrirhugaða veglínu standi yfir vegna þess hversu afmarkað gróðursvæðið sé. Því mæli fuglafræðingar með því að framkvæmdir standi ekki yfir frá 10. maí til 20. júní. Í samanburði við leið 1 er talið að leiðir 2 og 3 hafi minni áhrif á dýralíf.

Í bréfi frá Veiðistjóraembættinu segir að ekki sé búist við að framkvæmdin hafi teljandi áhrif á hreindýrin á svæðinu. Þó sé nauðsynlegt að sýna hreindýrunum tillitssemi þegar þau láti sjá sig á framkvæmdasvæðinu.

Samkvæmt frummatsskýrslu hefur laxaseiðum verið sleppt í Hofsá á svæðinu milli Kollseyru og Foss. Á þessu svæði alist einnig eitthvað upp af bleikju. Reiknað er með að áhrif vegarins á framtíðarmöguleika á laxveiði í Hofsá séu óveruleg vegna lítillar umferðar um veginn og fjarlægðar hans frá ánni. Framkvæmdin muni hafa mjög takmörkuð áhrif á Hofsá, þar sem ekki verði tekið efni úr árfarvegum. Í farvegi Hölknár sé mjög lítið af lausu efni og Kinnarlækirnir séu vatnslitlir. Við ræsisgerð yfir Hölkná verði haft samráð við viðkomandi landeigendur og veiðifélag um framkvæmdir og framkvæmdatíma.

Veiðimálastjóri tekur fram í umsögn sinni að honum virðist að áhrif

framkvæmdarinnar á lífríki Hofsár verði í lágmarki. Hann varar við framkvæmdum sem valdið geti óþarfa gruggi í Hofsá á laxveiðitíma en telur að vegurinn verði það langt frá ánni að bein áhrif á veiðiskap séu í lágmarki, verði á annað borð laxgengt inn á svæðið.

4.5 ÁHRIF Á LANDSLAG OG JARÐMYNDANIR

Samkvæmt frummatsskýrslu hefur jarðgunnskortlagning ekki verið gerð á svæðinu. Fyrirhuguð veglagning muni hafa áhrif á landslag og jarðmyndanir þar sem farið sé um ósnortið land og vegurinn muni rísa 1-3 m yfir það. Einnig myndist skörð þar sem skeringar verði og eftir efnistöku. Mesta skeringin verði vegna bráðabirgðavegar upp Brunahvammsháls þar sem mynda þurfi stall í hlíðina til að koma veginum fyrir. Ræsi í Hölkná verði nokkuð áberandi. Fyllingar og skeringar verði heldur meiri á leið 2 og 3 en leið 1 og þar með meiri efnispörf og áhrif á jarðmyndanir. Jarðraski verði haldið í lágmarki, vandað til frágangs og athugað hvort hlífa megi jökulkeri sem er í námunda við námu 4 og vörðu nr. 1. Við gerð bráðabirgðavegarins sé áformað að safna stórgrýti úr vegstæðinu í hrúgur á 200-300 m bili. Verði hann lagður niður verði efni úr honum nýtt við áframhaldandi vegagerð, sléttað yfir vegstæðið til samræmis við umhverfið og stórgrýtinu dreift yfir til að fela veglínuna sem mest.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps mælir með leið 1 þar sem hún sé talinn valda minnstu raski.

Náttúruvernd ríkisins bendir á að áætlanir um efnistöku virðist eingöngu miðast við að vegurinn verði lagður samkvæmt leið 1 og ljóst sé að samráðsaðilar hafi ekki skoðað alla valkosti. Stofnunin gerir athugasemd við að ekki hafi allir valkostir verið skoðaðir á vettvangi og bendir á að nauðsynlegt sé að fyrir liggi sambærileg gögn um alla valkosti til að hægt sé að bera þá saman. Stofnunin telur allt benda til að leið 3 samrýmist best sjónarmiðum náttúruverndar, þrátt fyrir ónógar sambærilegar upplýsingar um alla kosti. Því sé nauðsynlegt að fram fari frekara mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Landgræðsla ríkisins bendir á að ekki sé hægt að gera raunhæfan samanburð á valkostum 1, 2 og 3 þar sem í matsskýrslunni sé einungis gert ráð fyrir valkosti 1 og að kanna þurfi valkost 3 betur.

Í athugasemd Braga Vagnssonar kemur fram það álit að bráðabirgðavegur af leið 3 upp Brunahvammsháls valdi minni landspjöllum en bráðabirgðavegur af leið 2 og að leið 3 haldi betur opnum öllum möguleikum á framhaldi vegar til Vopnafjarðar.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að við undirbúning og ákvörðun á vegstæði hafi ýmsir kostir verið skoðaðir og kynntir, m.a. fyrir eftirlitsráðgjafa Náttúruverndar ríkisins á Austurlandi. Einnig hafi komið fram óskir frá landeigendum og öðrum um að skoða leiðir ofar um Hölkná og fjær Hofsá. Í matsskýrslunni eru þær kallaðar leiðir 2 og 3 og voru skoðaðar að hluta á vettvangi en að mestu á hæðasettum loftmyndakortum þar sem einnig er hægt að lesa ýmsar upplýsingar um landslag og náttúrufar svæðisins. Framkvæmdaraðili telur leið 3 versta kostinn fyrir vegfarendur vegna slæmrar legu þar sem hann liggi hæst og um ójafnast land. Leið 3 hafi mest áhrif á jarðmyndanir og landslag, vegna mestrar efnisþarfar, kostnaður sé mestur og ef ákveðið verði að leggja veg niður Hofsárdal sé tenging niður að Hofsá slæm vegna bratta og mikilla fyllinga. Námur á svæðinu séu staðsettar þannig að ekki skipti máli hvort leið 1 eða 2 verði valin. Fyrir leið 3 sé um 50.000 m³ meiri efnispörf en fyrir leið

1, því yrði líklega að bæta þar við námu. Framkvæmdaraðili telur að allir bráðabirgðavegirirnir valdi svipuðu raski á landi þar sem þeir liggja allir um svipað landslag.

4.5 ÁHRIF Á VATNAFAR

Samkvæmt frummatsskýrslu hefur framkvæmdin ekki áhrif á farvegi straumvatna eða vatnsbúskap. Við gerð ræsa megi búast við gruggi út í Hofsá en rennsli haldist óbreytt. Þar sem vegurinn fari um votlendi verði ekki um framræslu að ræða heldur verði byggður fljótandi vegur en einhver áhrif verði þó á vatnsbúskap mýranna. Sett verði ræsi þar sem er sírennandi vatn og þar sem búast megi við að geti myndast vatnsfarvegir í leysingum. Votlendi verður ekki ræst fram, en ef til þess kemur verður það gert í samráði við Náttúruvernd ríkisins.

5. NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTJÓRA RÍKISINS

Vegagerðin hefur tilkynnt til frumathugunar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 lagningu nýs 8,3 km langs vegar frá Hringvegi á Háreksstaðaleið við Kollseyru að Norðausturvegi við Brunahvammsháls í Vopnafjarðarhreppi, ásamt stóru ræsi í Hölkná. Samkvæmt frummatsskýrslu er markmið framkvæmdarinnar að auka umferðaröryggi og tryggja greiðari samgöngur á milli Vopnafjarðar og byggðarlaga á Norður- og Austurlandi, sérstaklega að vetrarlagi.

Í frummatsskýrslu er tillaga framkvæmdaraðila, leið 1, borin saman við tvo aðra kosti á legu fyrirhugaðs vegar. Fyrirhuguð leið 1 mun liggja niður með ánni Kollseyru og síðan Hofsá þar til komið er yfir Hölkná. Þar sem framtíðarlega vegar frá Hölkná og niður í Vopnafjörð er ekki ákveðin er gert ráð fyrir bráðabirgðatengingu er sveigir frá Hofsá upp á núverandi veg við Brunahvammsháls. Leiðir 2 og 3 liggja ofan leiðar 1 þar til þær falla saman við Brunahvammsháls. Leið 3 liggur efst í landinu af leiðunum þrem.

Leið 1 tengist best áframhaldandi vegi niður Hofsárdal og allar leiðir liggja vel við vegi neðar í Brunahvammshálsi út heiðina upp á núverandi vegsvæði. Leiðir 2 og 3 tengjast betur en leið 1 núverandi vegi á Brunahvammshálsi. Að mati skipulagsstjóra ríkisins hefði farið betur á því að skoða í heild legu fyrirhugaðs vegar frá Hringvegi til Vopnafjarðar eins og bent var á í umsögnum.

Áhrif á menn og samfélag

Með þessari nýju vegtengingu við Hringveginn mun leiðin milli Egilsstaða og Vopnafjarðar um Háreksstaðaleið stytta um 14 km. Vegurinn verður vegtæknilega betri og öruggari en núverandi vegur og reiknað er með að lokunardögum á Vopnafjarðarheiði fækki. Leið 1 er talin öruggust og snjóléttust af þeim kostum sem bornir eru saman í frummatsskýrslu. Allir þrír kostir á veglínu eru vegtæknilega ásættanlegir. Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps mælir með leið 1 þar sem hún sé snjóléttust og valdi minnstu jarðraski.

Að mati skipulagsstjóra ríkisins má reikna með að landnotkun breytist með tilkomu nýs vegar. Aðgengi batnar að svæðinu og eykur möguleika til útivistar. Leið 1 hefur meiri áhrif á landnotkun en leiðir 2 og 3 vegna nálægðar við Hofsá.

Áhrif á gróður og dýralíf

Skipulagsstjóri ríkisins telur að af þeim kostum sem kynntir eru í frummatsskýrslu hafi leiðir 1 og 2 álfka áhrif á gróður en leið 2 fer yfir votlendi sem hefur meira verndargildi. Leið 3 liggur um gróðurryrasta svæðið og hefur minnst áhrif á gróður. Á móti kemur að meiri hætta verður á jarðvegsrofi á þeirri leið.

Við frumathugun hefur í umsögnum og athugasemd verið bent á að landsvæðið sem um ræðir sé gróðurryrt og landnýting því mest tengd gróðurræmum meðfram ám og lækjum en þær eigi í vök að verjast m. a. vegna uppblásturs.

Skipulagsstjóri ríkisins telur að þó ekki hafi farið fram sambærileg vettvangskönnun á öllum þremur leiðum, eins on bent er á í umsögnum, sé ljóst af fyrirbyggjandi gögnum að engin leiðanna hafi í för með sér umtalsverð áhrif á gróður þó töluvert flatarmál tapist. Raski á jarðvegi og gróðri þarf að halda í lágmarki og takmarka umferð vinnuvéla við vegstæði og námur. Í samráði við landeigendur, Náttúruvernd ríkisins og Landgræðslu ríkisins verði grætt upp a.m.k. 5-6 ha ógróið land í nágrenni vegarins í stað þess gróna lands sem fer undir veginn auk náma 3 og 4, eins og gert er ráð fyrir í frummatsskýrslu.

Að mati skipulagsstjóra ríkisins eru áhrif á dýralíf meiri á leið 1 en leiðum 2 og 3 vegna nálægðar við Hofsa, þar sem fuglalífið er mest á gróðurlendinu við ána. Áhrif á hugsanlega laxveiði í ánni verða óveruleg vegna þess hve fjarri henni vegurinn er. Til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á fuglalíf verði framkvæmdir ekki á varptíma þ.e. 10. maí til 20. júní. Vegna ræsagerðar í Hölkná verði haft samráð við landeigendur og veiðifélög um framkvæmdatíma til að lágmarka áhrif af gruggi á fisk í ánni.

Áhrif á jarðmyndanir og landslag

Fyrirhugaður vegur mun fara um ósnortið land og munu 1-2 m háar fyllingar á jafnlendi við Hofsa, skeringar m.a vegna bráðabirgðatengingar upp á Brunahvammsháls og efnistaka í námum hafa áhrif á jarðmyndanir og landslag. Að mati skipulagsstjóra ríkisins mun leið 1 hafa minni áhrif en leiðir 2 og 3 vegna minni skeringa og efnisparfar þar sem leiðin liggur um jafnara land. Mikilvægt er að raski við lagningu bráðabirgðavegar upp Brunahvammsháls verði haldið í lágmarki og staðið að verki eins og lýst er í frummatsskýrslu m.t.t. frágangs.

Við efnistöku úr námum, gerð námuvegar og frágang verði haft samráð við Náttúruvernd ríkisins.

Áhrif á menningarminjar

Að mati skipulagsstjóra ríkisins verða áhrif framkvæmdarinnar á menningarminjar óveruleg með þeim fyrirvara að könnun á mannvistarminjum í nágrenni fyrirhugaðs vegar miðaðist við leið 1. Beitt verði þeim mótvægisáðgerðum sem lagðar eru til í frummatsskýrslu og svörum framkvæmdaraðila og er vakin athygli á að ef raska þurfi vörðu nr. 1 þurfi að hafa um það samráð og ber að sækja um leyfi til fornleifanefndar. Ef valin verður önnur veglína en leið 1 þarf að fara fram fornleifakönnun á þeirri leið.

Niðurstaða

Skipulagsstjóri ríkisins telur að enginn þeirra kosta á fyrirhugaðri legu Norðausturvegar frá Hringvegi að Brunahvammshálsi, sem bornir eru saman í frummatsskýrslu muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Leiðir 1 og 2

komi til með raska gróðri mest og hafa einhver áhrif á dýralíf. Leið 2 mun hafa svipuð áhrif á gróður og leið 1 en skerðir verðmætara votlendi. Leið 3 mun hafa minnst áhrif á gróður en á móti kemur meiri hætta á jarðvegsrofi. Leið 1 hefur að mati skipulagsstjóra ríkisins minni áhrif á jarðmyndanir og landslag en leiðir 2 og 3. Leið 1 liggur lægra og um jafnara land en leiðir 2 og 3 og er því að öllum líkindum snjóléttari og vegtæknilega öruggari. Allar leiðir liggja vel við vegi neðar í Brunahvammshálsi út heiðina upp á núverandi vegsvæði.

Samkvæmt 27. gr skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 þarf að sækja um framkvæmdaleyfi til Vopnafjarðarhrepps vegna framkvæmdarinnar. Ekkert skipulag er í gildi á framkvæmdarsvæðinu. Þarf sveitarstjórn því að leita meðmæla Skipulagsstofnunar með veitingu framkvæmdaleyfis, sbr. 3. tl. bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Á grundvelli gagna framkvæmdaraðila lögðum fram við frumathugun, umsagna, athugasemdar og svara framkvæmdaraðila við þeim er það mat skipulagsstjóra ríkisins að fyrirhuguð lagning Norðausturvegar frá Hringvegi að Brunahvammshálsi samkvæmt leiðum 1, 2 og 3 eins og þeim er lýst í frummatsskýrslu muni ekki hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir eða samfélag.

6. ÚRSKURÐARORÐ

Í samræmi við 8. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 hefur skipulagsstjóri ríkisins farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu ásamt umsögnum, athugasemd og svörum framkvæmdaraðila við þeim.

Með vísun til niðurstöðu skipulagsstjóra ríkisins sem gerð er grein fyrir í 5. kafla þessa úrskurðar er fallist á fyrirhugaða lagningu Norðausturvegar, samkvæmt leiðum 1, 2 og 3, eins og henni er lýst í framlagðri frummatsskýrslu.

7. KÆRUFRESTUR

Samkvæmt 14. grein laga nr. 63/1993 má kæra úrskurð skipulagsstjóra ríkisins til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 28. júlí 2000.

Reykjavík, 21. júní 2000.

Stefán Thors

Þóroddur F. Þóroddson